

**Fundargerð samstarfsnefndar  
Sambands íslenskra sveitarfélaga  
og  
Aðildarfélaga Starfsgreinasambands Íslands**

Fjarfundur var haldinn í samstarfsnefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga og Starfsgreinasambands Íslands þann 5. janúar 2023.

Frá Starfsgreinasambandi Íslands: Björn Snæbjörnsson, Björg Bjarnadóttir, Hjördís Þóra Sigurþórsdóttir, Kolbeinn Gunnarsson og Magnús Norðdahl .

Frá sambandinu: Berglind Eva Ólafsdóttir, Helgi Aðalsteinsson, Ellisif Tinna Víðisdóttir og Inga Rún Ólafsdóttir sem ritaði fundargerð.

Eftirfarandi mál voru tekin fyrir:

**1. Málefni og réttarstaða þungaðra kvenna**

Erindi frá sveitarfélagi vegna ágreinings við verkalýðsfélag um réttarstöðu þungaðra kvenna á leikskólum. Rætt var um stöðu þungaðra kvenna og réttindi þeirra á meðgöngu.

**Niðurstaða:**

Aðilar eru sammála um að vinna sameiginlega að verklagsreglum fyrir sveitarfélög í samvinnu við Vinnueftirlitið um verkferil þegar starfsmaður tilkynnir um þungun.

ETV og MN vinni að fyrstu drögum að þessum verklagsreglum. Stefna á að klára í janúar. SNS mun hafa samband við fulltrúa viðkomandi sveitarfélags vegna málsins.

**2. Bókun 8 [2020] - Tímavinnufólk**

Á grundvelli bókunar 8 frá 2020 um tímavinnufólk vinna aðilar að tillögum um jöfnun kjara og réttinda milli tímavinnufólks og annarra starfsmanna sem undir kjarasamninginn heyra.

**Niðurstaða:**

Aðilar eru sammála um að gera bókun í næsta kjarasamningi um að ráðningarform í tímavinnu verði lagt niður og til þess hafi sveitarfélög tilgreindan aðlögunartíma. Jafnframt skal tryggt að ráðningasamningur sé alltaf gerður fyrirfram.

**3. Launadreifing starfsmanna skóla**

Málið rætt og vinnuhópi aðila falið að ljúka tillögum fyrir samstarfsnefnd aðila.

Fundi slitið.